

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Umsögn send í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda

Efni: Umsögn Íslandsbanka um drög að frumvarpi til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja

Íslandsbanki vísar til draga að frumvarpi til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja, þar sem mælt er fyrir um lagabreytingar vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2019/2033 (IFR) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2019/2034 (IFD).

Ítrekað hefur verið bent á að íslensk löggjöf sker sig úr og með miklu strangari takmörkunum á heimildum fjármálafyrirtækja til að greiða starfsfólki sínu kaupauka en Evrópulöggjöf gerir kröfur um. Það skekkir stöðu íslenskra fyrirtækja í samkeppni við erlend og dregur úr sveigjanleika þeirra í rekstri.

Í fyrrgreindum frumvarpsdrögum er ráðgert að auka svigrúm verðbréfafyrirtækja til greiðslu kaupauka og heimila þeim að greiða starfsfólki allt að 50% af föstum í kaupauka, án þess að gera samsvarandi breytingar á heimildum annarra fjármálafyrirtækja, s.s. lánastofnana (viðskiptabanka) eða rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Slík mismun getur raskað samkeppni um starfsfólk. Ekki verði lengur jafnræði milli aðila sem í reynd keppa á sama markaði um sama starfsfólkið.

Lánastofnanir, rekstrarfélög og verðbréfafyrirtæki keppa í dag að verulegu leyti um sama sérhæfða starfsfólk, einkum á sviðum á borð við eignastýringu, markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf. Þetta eru starfssvið þar sem sérfræðipækking er oft af skornum skammti og hreyfanleiki starfsfólks er mikill. Þegar reglur um kaupauka eru þannig úr garði gerðar að einni tegund fjármálafyrirtækja er heimilað að bjóða verulega hærra breytileg starfskjör en öðrum, skapast óhjákvæmilega skekkja í samkeppnisstöðu þeirra á kostnað fyrirtækja sem bundin eru strangari takmörkunum. Slík skekkja getur haft þau áhrif að hæfasta starfsfólkið leiti í auknum mæli til þeirra aðila sem búa við rýmra svigrúm í launasetningu, óháð því hvort eðli starfseminnar eða áhættusnið réttlæti þann mun.

Líta verður til þess að í íslenskri löggjöf um fjármálamarkað hefur lengi verið markvisst stefnt að því að samræma starfsskilyrði ólíkra tegunda fjármálafyrirtækja þar sem þau sinna sambærilegri eða tengdri starfsemi. Með sameiningu reglna um viðskiptabanka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki í ein lög um fjármálafyrirtæki, skömmu eftir aldamótin, var lagt upp með þá grundvallarhugmynd að tryggja að slík fyrirtæki sættu að meginstefnu til svipuðum leikreglum. Markmiðið var meðal annars að koma í veg fyrir að ólíkar lagakröfur gætu raskað samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja. Þegar nú er horft til þess að heimila verðbréfafyrirtækjum hærra hlutfall kaupauka en viðskiptabönkum, er vikið frá þessu megin sjónarmiði um samræmd starfsskilyrði, með þeim afleiðingum að verðbréfafyrirtæki fá mögulega verulegt forskot í samkeppni um mannauð.

Þá verður einnig að hafa í huga að bæði viðskiptabankar og verðbréfafyrirtæki veita fjárfestingarþjónustu á grundvelli sama lagaramma. Þótt starfsemi þeirra geti verið ólík að formi til, er þjónustan sem viðskiptavinum er boðin oft sambærileg og beinist að sama markaði. Þegar tveir aðilar veita sömu eða mjög svipaða þjónustu, en lúta jafnframt ólíkum reglum um starfskjör, skapast hætta á ójafnvægi sem getur haft áhrif á skipulag starfseminnar sjálfrar. Slíkt ójafnvægi getur leitt til þess að starfsemi færist frá viðskiptabönkum yfir í verðbréfafyrirtæki, ekki vegna rekstrarlegra eða faglegra ástæðna, heldur einfaldlega vegna hagstæðara regluverks um launasetningu.

Við innleiðingu IFR og IFD þarf að varast að breyta lögum þannig að ójafnvægi verði í heimild ólíkra tegunda fjármálafyrirtækja til launasetningar, sem getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.